

Nd.

167. Frumvarp til laga

um raforkuveitusjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkuveitusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að gera raforkuver og raforkuveitur á þeim stöðum, sem ekki hafa rafmagn frá vatnsaflsstöðvum, þegar lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög frá ríkissjóði, a. m. k. 100 þús. kr. árlega á næstu 10 árum.
2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu. Skulu rafveiturnar greiða til sjóðsins eftir þessum reglum:
 - a. Fyrstu 3 árin eftir að stöð er reist er hún gjaldfrjál.
 - b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kilowatt í málaun rafals í hverri vélasamstæðu.
 - c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári.
Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.
3. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Gjöld þau, er um getur í 2. lið 2. gr., skulu greiðast raforkuveitusjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 5 millj. króna, handa raforkuveitusjóði, til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur á hendi ákvarðanir um lán úr raforkuveitusjóði, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál, og annast stjórn hans og rekstur fyrir þóknun, er ráðherra ákveður með samkomulagi við stjórn bankans. Þóknunin greiðist úr sjóðnum.

6. gr.

Lán úr raforkuveitusjóði mega nema allt að $\frac{1}{5}$ stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, og má lánstíminn vera allt að 23 ár. Lán mega vera afborgunarlaus fyrstu 3 ár lánstímans, og skulu vextir vera 3% — þrjár af hundraði — á ári.

7. gr.

Til tryggingar fyrir lánnum úr raforkuveitusjóði skal vera:

1. Orkuverið og orkuveitan, sem lán er veitt til, með öllum réttindum.
2. Aðrar þær tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.

8. gr.

Raforkuveitusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

9. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og rekstur hans.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.